

# Í GÓÐUM HÖNDUM

## Hjá Ríkiskaupum

Ríkiskaup hafa um langt árabíl annast innkaupa- og innflutnings-þjónustu fyrir fyrirtæki og stofnanir ríkisins.

Innkaupaþjónusta Ríkiskaupa er sérlega hagstæð fyrir þá sem kaupa og flytja inn öðru hverju og þurfa því ekki að vera með sérhæfða starfsemi til þess að sinna slíkri þjónustu.

Oft er hér um að ræða innkaup og innflutning á vörum og búnaði í kjölfar útboða. Ef að um er að ræða mjög umfangsmikinn eða þungan flutning, getur verið hagstætt að bjóða hann út líka.

Í flestum tilvikum er þó um að ræða innkaup og flutning á sérhæfðum búnaði, tækjum eða varahlutum innan útboðsmarka sem kaupa þarf til landsins með tiltölulega stuttum fyrirvara.

Auk þekkingar á innkaupum, flutningi og tollþjónustu hafa Ríkiskaup gert sérlega hagstæða samninga við jafnt þunga- sem hraðflutningafyrirtæki sem viðskiptavinir njóta góðs af.



BORGARTÚN 7, 105 REYKJAVÍK  
WWW.RIKISKAUP.IS

## INNKAUPAÞJÓNUSTA



SKILJA

BÆTA

SPARA

## samskipti



☛ Væntanlegur viðskiptavinur hefur samband við innkaupafulltrúa Ríkiskaupa sem gefur pöntuninni einhlýtt númer

☛ Viðskiptavinur sendir RK pöntunina ásamt pöntunarnúmeri í tölvupósti eða faxi. Þar eru skráð í innflutningskerfi RK öll helstu í atriði pöntunarinnar s.s. tilvísunarnúmer, lýsing á vöru/pöntun, verð, greiðslu-skilmálar, afhendingarmáti, áætlaður komudagur, flutningsmáti og flutningsaðilar liggja slíkar upplýsingar fyrir

☛ Pöntun send til væntanlegs seljanda í tölvupósti eða á faxi

☛ RK tekur við staðfestingu frá seljanda um afhendingu vörunnar og flutning, skráir í innkaupakerfi RK og sendir staðfestingu áfram til viðskiptavinar

## umsjón, varsla og meðferð innkaupagagna



☛ RK útbýr sérstaka möppu fyrir pöntunina þar sem öllum tilheyrandi gögnum er safnað saman til vistunar

☛ RK tekur við tilkynningu um afhendingu vörunnar, fylgir eftir afgreiðslu hennar eins og þurfa þykir með tölvupósti, símtölum eða faxi og skráir í innkaupakerfi RK

☛ RK sendir viðskiptavini í tölvupósti yfirlit yfir allar útistandandi pantanir stöðu þeirra og framvindu a.m.k. vikulega



## greiðsla, tollafgreiðsla, afhending og reikningagerð

☛ RK tekur við reikningi fyrir vöruna í pósti, proforma reikningi á faxi eða með vörunni sjálfri og skráir í innkaupakerfi RK

☛ RK tekur við tollpappírur frá flutningsaðila, fylgir eftir afhendingu þeirra eins og þurfa þykir þ.á.m. uppskiptingu flutningskostnaðar og skráir í innkaupakerfi RK

☛ RK greiðir seljanda andvirði vörunnar, ýmist fyrirfram eða eftirá

☛ RK gerir tollskýrslu fyrir vöruna, skráir í innkaupakerfi RK og sendir til tollmeðhöndlunar

☛ RK gengur frá skuldfærslu fyrir vöruna frá Tollstjóra og gengur frá verðlagningu á vörunni

☛ RK sér um akstur og afhendingu vörunnar beint til viðskiptavinar eða þess afhendingarstaðar sem hann tilgreinir

☛ RK útbýr reikning fyrir vörunni til viðskiptavinar

☛ RK lokar pöntun í innkaupakerfi RK og vistar öll tilheyrandi skjöl